

## **PALS lestrarþjálfun**

Lágafellsskóli notar PALS (Peer Assisted Learning Strategies), K-PALS (Kindergarten PALS) og PALS (Preschool PALS) í lestrarnámi nemenda en það er árangursrík kennsluáferð til að þjálfa lesfimi. Þessi áferð hefur fengið íslenska heitið „Pör Að Læra Saman.“ Unnið er með P-PALS í fjögurra ára deild, K-PALS í fimm ára deild og í 1. - 7. bekk er kennt hefðbundið PALS.

PALS er raunprófuð áferð en bandarískar rannsóknir sýna miklar framfarir hjá nemendum sem fá PALS lestrarþjálfun. Áferðin byggir á áferðum samvinnunáms og hentar fyrir einstaklingsmiðað nám. Nemendur vinna tveir og tveir saman og markmiðið er að nemendur hjálpi hver öðrum að verða betri lesarar. Unnið er eftir mjög ákveðnum áferðum þar sem áhersla er bæði á lesfimi og lesskilning. Annar nemandinn les en hinn þjálfar og svo er skipst á hlutverkum. Sá sem byrjar að lesa kallast „fyrsti lesari“ og sá sem les svo kallast „annar lesari.“ Kennslustundin skiptist í: 1) Paralestur, 2) Endursögn, 3) Að draga saman efnisgreinar og 4) Forspá. Þjálfunin fer fram þrisvar í viku og 35 mínútur í senn í tólf vikur. Í fyrsta skipti sem kennsluáferðin er notuð bætist við innleiðing sem tekur 4 vikur.

Á fjögurra ára deild leikskólans er unnið með kennsluefni P-PALS. Markmið P-PALS er að efla hljóðkerfisvitund og stafabekkingu leikskólabarna og þar með undirbúa þau fyrir lestrarnám. Unnið með heiti og hljóð stafanna, auðkenna fyrsta hljóð í orði og hljóðkerfisvitund.